

## Svar

### fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Þorsteini Sæmundssyni um uppgreiðslu lána vegna fasteignaviðskipta á Suðurnesjum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hverjir eru þeir fjárfestar og hver eru þau fyrirtæki sem greiddu upp 256 lán hjá Íbúðalánasjóði vegna fasteignaviðskipta á Suðurnesjum á árunum 2016–2017 og hversu há lán endurgreiddi hver aðili?
2. Hversu hárrí upphæð nam heildarendurgreiðslan?
3. Hver voru vaxtakjör lánanna?
4. Hversu mikið greiddu sömu aðilar til sjóðsins í uppgreiðslugjald af þessum lánunum?

Við uppgreiðslu fasteignalána liggja ekki fyrir upplýsingar um hvort uppgreiðslan sé vegna fasteignaviðskipta eða endurfjármögnunar. Til að svara fyrirspurninni hefur Húsnæðis- og mannvirkjastofnun tekið saman upplýsingar um lán lögaðila sem voru með veði í fasteignunum á Suðurnesjum og voru greidd upp á árunum 2016–2017. Fjöldi þeirra er 58 en ekki 256.

Í meðfylgjandi töflu kemur fram hver lán taki var, fjöldi lána, fjárhæð endurgreiðslu, vaxtakjör og tímalengd lána. Engin lánanna báru uppgreiðsluákvæði og því engin uppgreiðslugjöld greidd.

Félag	Fjöldi uppgr. lána	Heildaruppgreiðsla	Vaxtakjör	Lengd láns í árum
147 ehf.	13	84.903.196	4,2	1,4
Ásbrú Íbúðir ehf.	22	206.505.649	4,2	0,4
Heimavellir III ehf.	17	228.002.144	4,2	0,7
Fasteignir Reykjanesbæjar ehf.	6	67.011.576	1,2	21,4
<b>Samtals</b>	<b>58</b>	<b>586.422.565</b>	<b>3,9</b>	<b>2,9</b>